

***BORGARRÁÐ 1. október 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fyrirhugaðar starfsstöðvar í hverfi borgarinnar - R19100088***

Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum hvort Reykjavíkurborg hyggst næstu árin setja á laggirnar stofnanir/deildir/svið eða annað form af starfsstöð á forræði borgarinnar í eitthvað af eftirfarandi hverfum: 101, 102, 103, 104 eða 108. Ef svo er, hverjar eru þær og hvert er hlutverk þeirra. Hvaða póstnúmer eru á áætlun fyrir nýjar starfsstöðvar? Eins og marg oft hefur komið fram eru umferðarmálin í miklum ólestri víða í þessum hverfum. Ætla má að ástandið versni með frekari þéttingu byggðar. Vagnar Strætó bs ganga hægt og nýtast því illa til almenningsamgangna amk henta ekki öllum. Vagnar sitja oft pikkfastir í umferð þótt þeir njóti forgangs að hluta. Þannig mun staðan verða næstu árin í það minnsta þar til borgarlína rís. Þess vegna er mikilvægt að ekki muni rísa mannmargar starfsstöðvar eða fyrirtæki á þessu svæði. Flokkur fólksins vill einnig spyrja hvort borgin, þegar úthlutað er lóðum, muni ekki með kvöðum reyna að handstýra hvaða starfsemi er verið að byggja undir? Með kvöðum er komið tækifæri til að handstýra hvaða starfsemi er rekin í þessum hverfum. Borgin hefur sett ákveðinn kvóta á hótélbyggingar eða byggingar sem nota á undir hótélstarfsemi. Borgin getur handstýrt færslu stofnanna á hennar vegum og að sama skapi handstýrt hvaða starfsemi komi í þær byggingar sem eiga eftir að rísa á ólíkum svæðum með því að setja kvaðir.